

Haldið er dómþing úrskurðar- og aganefndar Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ)
11. febrúar 2018.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 2/2018-2019

Körfuknattleiksdeild Þórs Akureyri

gegn

Körfuknattleiksdeild

Ungmennafélagsins Fjölnis

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I.

Mál þetta var upphaflega mótttekið á skrifstofu KKÍ þann 3. febrúar 2019. Kærandi er körfuknattleiksdeild Þórs Akureyri, kt. 690888-1149, Hamri við Skarðshlíð, Akureyri.

Kærður er leikur Fjölnis og Þór Akureyri í undanúrslitum bikarkeppni drengjaflokks karla sem fram fór í Dalhúsum þann 2. febrúar 2019.

Kærði er Ungmennafélag Fjölnis, kt. 631288-7589, Fossaleyni 1, 112 Reykjavík.

Kærða var veittur frestur til að skila greinargerð í málinu með vísan til ákvæðis 4. mgr. 7. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál og barst greinargerðin 6. febrúar 2019.

Undir rekstri málsins óskaði aga- og úrskurðarnefnd eftir greinargerð dómara leiksins. Einnig var óskað eftir aðstoð skrifstofu KKÍ, sbr. nánar hér síðar.

II.

Dómkröfur

Kærandi krefst þess að leikurinn verði úrskurðaður ógildur og leikurinn endurtekinn. Jafnframt krefst kærandi að kærði greiði allan ferðakostnað sem hlýst hinum endurtekna leik.

Kærði krefst þess að öllum kröfum kæranda verði hafnað.

III.

Atvik máls

Kærandi lýsir helstu málavöxtum eftirfarandi: „Umræddur leikur fór fram í íþróttamiðstöðinni Dalhúsum, laugardaginn 2. febrúar 2019. Leikurinn átti að hefjast kl. 17:30 en tafðist um 10-15 mínútur vegna þess að starfsmenn á ritaraborði virtust ekki kunna nægilega vel á stigatöflu þannig að hægt gekk að „hreinsa út“ tölfræði leiks sem fór fram fyrr um daginn. Þegar flautað var til leiks var ekki búið að hreinsa töfluna nægilega vel og því þurfti að stöðva leikinn fljótlega til að fá rétt stigaskor á leikmenn á stigatöflu. Leikurinn og stigaskráning gekk stóráfallalaust í fyrri hálfleik en þó var flestum ljóst að starfsmenn á ritaraborði voru frekar óreyndir og óöruggir í sínum aðgerðum, t.d. varðandi skotklukku og hefðu reyndir dómamarar leiksins því mátt hafa sérstaka varúð á sér við vinnu sína.

Í stöðunni 50-48 fyrir Fjölmi þegar 6:09 mínútur voru eftir af þriðja leikhluta var brotið á leikmanni nr. 34 hjá Þór í þriggja stiga skoti og hann fékk þrjú vítaskot. Leikmaðurinn hitti úr öllum skotunum og staðan þar með orðin 51-50 Þór í vil. Fjölmi tókst ekki að skora í næstu sókn og Þórslíðið fór í sókn að nýju og leikmaður nr. 1 skoraði úr lay-upi. Þar með var staðan orðin 53-50 Þór í vil. Í næstu sókn Fjölmi gerði starfsmaður á ritaraborði hins vegar þau mistök að draga 4 stig af Þór og staðan á stigatöflunni var þá skyndilega orðin 50-49 fyrir Fjölmi. Fjölmiir tapaði boltanum í sókninni og Þór hefði þar með getað náð enn meiri forystu. Áhorfendur og þjálfari Þórs kölluðu að ritaraborðinu og dómurum að umrædd stig hefðu verið dregin af og það vantaði 4-5 stig á Þór. Dómarinn stöðvaði leikinn um dágóða stund (þegar 5:33 voru eftir af 3ja leikhl.) meðan hann fór yfir leikskýrslu með starfsmönnum ritaraborðs og niðurstaða þeirrar athugunar var að staðan á stigatöflunni, 50-49 fyrir Fjölmi, væri rétt. Skoðun á myndbandi af leiknum sýnir hins vegar að þetta voru

augljós og grafalvarleg mistök! Það átti ekki draga þessi stig af Þórslíðinu og rétt staða var 53-50 fyrir Þór. Það gefur augaleið að þetta atvik hafði mikil áhrif á gang leiksins eftir þetta og úrslit á leikskýrslu eru röng. Þórsarar höfðu verið 5 stigum undir í hálfleik og höfðu unnið þann mun upp og voru komnir þremur stigum yfir og á leið í sókn til að reyna að komast í 5-6 stiga forystu þegar leikurinn var stöðvaður.

Þetta „moment“ hjá liðinu var þannig drepil af starfmönnum ritaraborðs sem upp úr þurru drógu fjögur stig af liðinu þannig að stöðva þurfti leikinn og fara yfir skýrslu. Óskiljanlegt er að reyndir dómara leiksins hafi ekki uppgötvað mistökin eða fengið að líta á upptöku þar sem leikurinn var í beinni útsendingu á facebook síðu FjölurTV, heldur kosið að treysta frekar upplýsingum starfsmanna á ritaraborði sem augljóslega skorti reynslu og kunnáttu.”

Kærði tekur fram í greinargerð sinni varðandi málsatvika lýsingu kæranda að um sé að ræða einhliða frásögn félagsins og taka verði þeirri lýsingu með almennum og venjubundnum fyrirvara enda tapaði liðið leiknum. Gerðar séu alvarlegar athugasemdir við orðaval og orðfæri í kærinni enda látið í það skína að starfsmenn á ritaraborði hafi ekki kunnað nægilega vel á stigmatöfluna og að flestum hafi verið það ljóst að þeir voru frekar óreyndir og óruggir í sínum aðgerðum. Þessari lýsingu málsatvika er sérstaklega mótmælt. Kærði tekur fram að hið rétta sé að umræddum leik seinkaði um c.a. 10 mínútur þar sem annar leikur var spilaður stuttu á undan og hafði þetta engin áhrif á hinn umrædda leik. Þetta leiddi til þess að ljúka þurfti við að skrá nöfn leikmanna í nýja stigmatöflu hússins. Kærði greindi frá því að starfsmenn þeir sem voru á ritaraborði í umræddum leik væru vanir og hafi séð um flestalla drengjaflokks leiki kærða í vetur og nýlega búnir að fara á dómara námskeið. Þeir séu því reyndir í störfum sínum og ritaraborðið fullmannað enda ljóst að leikurinn hefði ekki hafist án fullnægjandi mönnunar. Leikurinn gekk stóráfallalaust fyrir sig þar sem samvinna ritaraborðsins og dómara var góð að mati kærða.

IV.

Málsástæður og lagarök kæranda

Kærandi byggir á því að kærði hafi vanrækt skyldur sínar við framkvæmd leiksins, sbr. 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót, með svo alvarlegum hætti að sú

vanræksla ásamt yfirsjón dómara hafi ráðið úrslitum um niðurstöðu leiksins og því verði að endurtaka hann.

Jafnframt byggir kærandi á 7. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál þar sem segir að einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti hafi rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KKÍ. Krafa um ógildingu og endurtekningu leiksins byggir á a-lið 12. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál.

Kærandi bendir á að fjögur stig voru ranglega dregin af liði hans á mikilvægum tímapunkti snemma í þriðja leikhluta þegar kærandi var að snúa leiknum sér í hag. Lokatölur leiksins urðu 83-78 fyrir kærða en hafa þurfi hugfast að fjögur síðustu stig kærða komu af vítalínunni á síðustu 15 sekúndum leiksins þegar leikmenn kæranda neyddust til að brjóta á leikmönnum kærða til að enda sóknir þeirra. Þegar 29 sekúndur voru eftir af leiknum sýndi stigataflan stöðuna 79-78 kærða í vil og kærandi var að hefja sókn. Rétt staða hefði hins vegar átt að vera 82-79 fyrir kæranda og kærandi með boltann. Við þær aðstæður telur kærandi að öruggt sé að síðustu sekúndurnar hefðu þróast með öðrum hætti og í stað þess að leikmenn kæranda þyrftu leita eftir snöggum körfum í sókn og brjóta í vörn og senda leikmenn kærða á vítalínuna til að stöðva sóknir hefði þessu verið öfugt farið, leikmenn kærða hefðu þurft að brjóta til að enda sóknir kæranda.

Kærandi bendir á að þrátt fyrir skýra meginreglu körfuknattleiks um að ekki sé unnt að leiðrétta mistök ritara eða tímavarðar og skotklukkuvarðar við skráningu stiga, fjölda villna, fjölda leikhléa, og tíma á leikklukku og skotklukku sem liðinn telur kærand að full ástæða sé í þessu tilviki og öðrum sambærilegum að aga- og úrskurðarnefnd beiti þeirri undanþáguheimild sem felst í a-lið 12. gr. áðurnefndrar reglugerðar og láti endurtaka leikinn. Að öðrum kosti telur kærandi að umrædd heimild sé vart annað en dauður bókstafur. Í þessu sambandi áréttar kærandi að ekki sé um að ræða mistök sem uppgötvuðust við endurskoðun leiksins eftir að honum lauk heldur sé um að ræða augljós mistök sem þjálfarar, leikmenn og áhorfendur á vegum kæranda veittu strax athygli og bentu strax á, en ekki var tekið mark á ábendingunum. Því var augljóst að kærandi myndi fara yfir myndbandsupptöku strax eftir leik til að leita staðfestingar og þar með hvort ástæða væri til að kæra og mátti aðaldómara vera það ljóst.

V.

Málsástæður og lagarök kærða

Kærði mótmælir því að hann hafi á nokkurn hátt gerst brotlegur við 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót og hvað þá að háttsemi kærða skuli leiða til þess að leikurinn verði úrskurðaður ógildur og hann endurtekinn.

Kærði vísaði í greinargerð sinni til að ábyrgð dómara væri mikil og sérstaklega á niðurstöðum leiksins. Vísað væri til greina 44.2.6, 44.2.7 og 48.4 í leikreglum í körfuknattleik sem samþykktar voru af stjórn FIBA árið 2017 og birtar eru á heimasíðu KKÍ.

Í greinargerð kærða segir að þegar 5:33 mínútur hefðu verið eftir af þriðja leikhluta hafi ritaraborðið kallað á dómara vegna ábendinga frá þjálfara kæranda og bregst ritaraborðið því hárrétt við þeim aðstæðum. Dómarar hafi farið að ritaraborði í nokkrar mínútur til að fara yfir stigaskráningu. Að lokinni þeirri yfirferð staðfestu dómarar stöðuna þegar 5:33 eru eftir af þriðja leikhluta, 50-49 fyrir Fjölni. Þessu mótmælti þjálfari kæranda ekki og á engum tímapunkti höfðu þjálfari kærða eða leikmenn afskipti af ritaraborðinu. Ef einhver mistök voru gerð við skráningu eru þau á ábyrgð dómara að mati kærða enda var kallað á þá til að fara yfir málið reglum samkvæmt.

Varðandi kröfu kæranda um að láta endurtaka leikinn bendir kærði á að mistök (ef verða), bæði dómara og ritaraborðs, séu einfaldlega eðlilegur hluti af leiknum og gert sé ráð fyrir þeim í leikreglum sbr. meðal annars fyrrgreinda grein 44.2.7.: *„Dómarar geta hvenær sem er, áður en aðaldómari undirritar leikskýrsluna, leiðrétt öll mistök ritara eða tímavarðar eða skotklukkuvarðar við skráningu stiga, fjölda villa, fjölda leikhléa, tíma á leikklukku og skotklukku sem liðinn er eða vantar uppá.“* Telur kærði að í samræmi við framangreint ákvæði hafi dómarar leiksins farið meðal annars yfir leikskýrslu í þriðja leikhluta og leik svo haldið áfram samkvæmt ákvörðun þeirra. Þess vegna telur kærði engan grundvöll til að endurtaka leikinn vegna þess. Kærði tekur fram að í öllum leikjum geta orðið einhver mistök hjá dómurum og ritaraborði sem uppgötvast við *„endurskoðun“* leikja í sjónvarpi og/eða frá öðru sjónarhorni. Kærði telur fráleitt að láta endurtaka leik í tilviki sem þessu og það myndi opna flóðgáttir tilhæfulausra kærumála inn á borð aga- og úrskurðarnefndar. Meginreglan sé sú að úrslit leiks skulu standa og allar undantekningar frá þeirri meginreglu verður

að mati kærða að skýra mjög þröngt líkt og sjá má af úrskurðaframkvæmd KKÍ. Ef endurtaka á leik vegna mistaka starfsmanna, hvort sem það eru dómara eða starfsmenn ritaraborðs, verða slík mistök að vera þannig að yfirgnæfandi líkur séu á að þau hafi ráðið úrslitum leiksins en fráleitt er að fullyrða slíkt í þessu máli. Og svo segir í leikreglum 44.2.6. að ekki sé hægt að leiðrétta mistök eftir að dómari hefur undirritað leikskýrslu. Einnig má benda á leikreglu 48.4., þar stendur: „Eftir að aðaldómari hefur undirritað leikskýrsluna getur hann ekki lengur leiðrétt mistökin. Aðaldómari eða eftirlitsmaður ef hann er til staðar, skal senda ýtarlega skýrslu til mótshaldara.“ Að mati kærða eiga því úrslit leiksins að standa með réttu, 83 - 78 Fjölni í hag. Máli sínu til stuðnings vísar kærði til m.a. máls aga- og úrskurðarnefndar KKÍ nr. 1/2018-2019 enda hefur ekki verið sýnt fram á að meint mistök dómara hafi með beinum hætti leitt til rangra úrslita m.a. vegna þess fjölda stiga sem kærandi telur að hafi verið vantalin eða fjögur stig.

VI. Greinargerð dómara

Í greinargerð dómara leiksins kom fram að hann hefði farið vandlega yfir kærana og staðfesti hann það sem þar stendur, þó með þeim fyrirvara að hann hefði ekki getað horft á leikinn aftur og væri því ekki 100% viss um hvort að stigin hafi verið tekin af. Hann segist þó hafa verið með skritna tilfinningu á meðan þessu stóð og leið eins og eitthvað væri ekki alveg rétt.

Í greinargerð dómarans sagði að starfsmenn ritaraborðs hefðu verið ungir drengir sem væru óvanir og sýndi það sig alveg í byrjun leiks þegar fresta þurfti byrjun hans vegna þess hve illa gekk að hreinsa út stigmatöfluna. Þá segir í greinargerð dómara, varðandi umrætt atvik, að ritaraborðið hafi kallað á dómarann og tilkynnt honum að það hafi verið gerð mistök. Þá hafi hann farið yfir skýrsluna og þar virtist allt vera í góðu lagi. Þjálfari Þórs hafi komið til hans og spurt hvort einhver ákveðin stig væru á skýrslunni og dómari hafi játað því. Þá hafi þjálfari spurt frekar um stigaskráningu en ekkert misræmi hafi virst vera þar um.

Dómara leiksins hafi því tekið þá ákvörðun að fara eftir skýrslunni sem samkvæmt kæru á að vera röng. Í lok greinargerð dómara segir að reynist það rétt, að stig vanti, þá hafi það haft gríðarleg áhrif á gang leiksins því eins og tekið var fram

í kæru, þá þurftu Þórsarar að brjóta alveg í endann og þannig haft klár áhrif á lokatölur leiksins, að mati dómarans.

VII. Aðkoma skrifstofu KKÍ

Með tölvupósti þann 4. febrúar 2019 óskaði aga- og úrskurðarnefnd eftir aðstoð skrifstofu KKÍ við að sannreyna rétt stigaskor í umdeildum leik. Í svari KKÍ kom fram að ípróttafulltrúa sambandsins hefði verið falið að að horfa á leikinn og skrá niður leikskýrslu ásamt formanni sambandsins.

Niðurstaða þeirra var eftirfarandi. Mistök urðu strax við upphaf þriðja leikhluta þegar staðan var réttmæt 42-37 fyrir Fjölnir. Í byrjun þriðja leikhluta og samkvæmt myndbandi hafi leikmaður Þórs nr. 72 skorað tvö stig þegar 9.41 mín. var eftir á leikklukku og staðan því 42 - 39, en þessi stig voru aldrei skráð á leikskýrslu leiksins. Næst skoraði leikmaður Fjölnis nr. 14 tvö stig og staðan því 44 - 39 og voru þau stig rétt skráð á leikskýrslu. Næstu körfu þar á eftir samkvæmt myndbandi skoraði leikmaður nr. 1 hjá Þór tveggja stiga körfu og þá er 9.03. mín eftir á leikklukku og staðan því 44 - 41 fyrir Fjölni, en þessi stig voru ekki skráð á leikskýrslu. Þar á eftir kemur þriggja stiga karfa frá leikmanni nr. 34 hjá Þór og staðan því 44 - 44 samkvæmt myndbandinu. Þarna er því staðan á leikskýrslu 44 - 40 fyrir Fjölni í staðinn fyrir að eiga að vera 44 - 44.

Þegar staðan er samkvæmt myndbandi 50 - 53 fyrir Þór og 5.35 mín. eftir af þriðja leikhluta stöðva dómarar leiksins leikinn og fara að ritaraborði. Eftir stutta stund er tekið dómaraleikhlé. Þegar því lýkur má sjá af myndbandsupptöku að stöðunni er breytt í 50 - 49 fyrir Fjölnir á leikklukku. Það var því niðurstaða eftir þessa yfirferð skrifstofu KKÍ að það vantaði fjögur stig hjá Þór Akureyri á leikskýrslu.

VIII.

Niðurstaða

Meginkrafa kæranda er að leikurinn verði úrskurðaður ógildur og leikurinn endurtekinn, sbr. 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót. Kærði mótmæli því að hann hafi gerst brotlegur við framangreint ákvæði og/eða að málsatvik eigi að leiða til þess að krafa kæranda verði samþykkt.

Í ákvæði 1. og 2. másl. 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót segir að félög beri ábyrgð á að framkvæmd heimaleikja þeirra fari fram á eðlilegan hátt. Félög sem vanrækja umsjón með heimaleik, þannig að leikur fari ekki fram, tapi þeim leik. Umræddur leikur fór fram og því á 2. másl. ákvæðisins ekki við í þessu tilviki.

Í ákvæði a. liðar 12. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd segir að aga- og úrskurðarnefnd KKÍ geti í úrskurðarorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um að úrskurðað leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra. Er því ljóst að aga- og úrskurðarnefnd hefur í þessu máli framangreindar heimildir til viðurlaga.

Í grein 44.2.6. í leikreglum í körfuknattleik segir að dómara geti hvenær sem er, áður en þeir undirrita leikskýrsluna, leiðrétt öll mistök ritara eða tímavarðar og skotklukkuvarðar við skráningu stiga, fjölda villna, fjölda leikhléa, og tíma á leikklukku og skotklukku sem liðinn er. Síðan segir í gr. 44.2.6. að ekki sé hægt að leiðrétta mistök eftir að dómari hefur undirritað leikskýrsluna.

Aga- og úrskurðarnefnd telur að framangreind meginregla sé ein mikilvægasta grundvallarregla sem gildi um körfuknattleiksleiki. Að mati nefndarinnar verða undantekningar frá henni að styðjast við afdráttarlaus gögn og rök. Þannig verða mistökin að vera mjög alvarleg og sýnt fram á, án nokkurs vafa, að þau hafi með beinum hætti leitt til rangra úrslita.

Það er mat aga- og úrskurðarnefndar að framkvæmd hins kærða leiks var ekki með eðlilegu móti. Sýnt hefur verið fram á að stigaskráningu á leikskýrslu var verulega áfátt eða sem nemur fjórum stigum sem vantaði hjá liði kæranda. Dómurum leiksins yfirsást þessi mistök einnig þegar hlé var gert á leiknum, en þá þegar var misræmi milli leikskýrslu og leikklukku. Um er að ræða mjög alvarleg mistök.

Mistökin verða aftur á móti í upphafi þriðja leikhluta eða þegar u.þ.b. 19 mín eru eftir af leiktíma. Stigaskráning á leikklukku er síðan leiðrétt um miðjan þriðja leikhluta. Allir þátttakendur leiksins eru því eftir þann tíma meðvitaðir um stigaskráningu leikskýrslu. Þannig leiku liðin í rúmlega 15 mín. af leiktíma eftir að áhrif mistakanna eru öllum sýnileg á leikklukku, þ.e. röng skráning leiksskýrslu. Ómögulegt er því að meta hver áhrifin hefðu verið á úrslit leiksins, ef stigaskor þórs hefði verið rétt skráð allan leikinn. Með vísan til þess, og þrátt fyrir að um mjög alvarleg mistök sé að ræða, er það mat aga- og úrskurðarnefnd að ekki hafi verið

sýnt fram á, án nokkurs vafa, að mistökin hafi með beinum hætti leitt til rangra úrslita. Er því kröfum kæranda í máli þessu hafnað.

ÚRSKURÐARORÐ

Kröfu þórs um ógildingu og endurtekningu á leik Fjölhis og þórs í undanúrslitum bikarkeppni drengjaflokks karla sem fram fór í Dalhúsum þann 2. febrúar 2019 er hafnað.

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson
formaður

Björgvin Halldór Björnsson
varaformaður

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir
varaformaður

Kristinn G. Kristinsson

María Káradóttir

Birkir Guðmundarson

Úrskurðurinn er sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum. Úrskurðinn skal birta á heimasíðu KKÍ í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðamál.

Heimilt er að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls KKÍ samkvæmt ákvæði 1. mgr., sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál.